

Skólabíllinn

-reglur Árskógarskóla janúar 2015-

1. **Skólareglur Árskógarskóla** gilda í skólabílnum.
2. Nemendur bíða rólegir í röð þegar skólabíllinn kemur.
3. Sá sem virðir ekki röðina fer aftast í hana.
4. Nemendur mega fara í skólabíllinn þegar starfsmaður eða bílstjóri leyfa.
5. Frjálst sætaval er í skólabílnum sem þýðir að enginn á meiri rétt en annar til þess að velja sér sæti.
6. Reglan er: fyrstur kemur fyrstur fær en fyrst þarf að setjast í gluggasætin og svo í sætin við ganginn. Það sama á við öftustu röðina; fyrst þarf að setjast við gluggana.
7. Þeir sem eru bílveikir hafa rétt umfram aðra til að sitja fremst eða þar sem hentar best í samráði við bílstjóra.

-Reglurnar eru settar í samráði við bílstjóra, starfsfólk og nemendur með það að markmiði að eyða togstreitu og leiðindum til þess að öllum geti liðið vel.

-Engar undantekningar eru á reglunum nema skólastjóri gefi það út.

-Reglurnar taka gildi 16. janúar 2015.



Skólastjóri